Samið hefur:
Oddur Ólason hdl
kt. 211153-2969

INNFÆRT
17 JAN. 2012

# Afsal

Íslandsbanki hf. kt. 491008-0160 selur hér með og afsalar Sveitarfélaginu Árborg, kt. 650598-2029 fasteigninni **að Árvegi 1, Selfossi,** tækjasalur o.fl. 01-0101. fastanúmer 231-3644. ásamt leigulóðarréttindum landnr. 207355.

Nánar er um að ræða 2.724,1 fermetra bifreiða/tækjasal ásamt tvílyftri miðjubyggingu með kjallara. Eignin var enn í byggingu við sölu, fastanúmer 231-4644. Jafnframt er afsalað réttindum samkvæmt lóðarleigusamning við ríkissjóð Íslands frá 5. apríl 2006 um 7.447 fermetra leigulóð sem húsið stendur á. Stofnskjal lóðarinnar er dagsett. 21. júlí 2006 þinglýsinganúmer 4081/2006.

Afsalshafi kynnti sér byggingarstig og ástand eignarinnar fyrir kaupsamningsgerð og gerði sér fulla grein fyrir að eignin var þá í byggingu og ófullbúin. Afsalhafi þekkti ástand húss að öðru leyti og afmörkun lóðar og hafði hann ekkert við það að athuga. Afsalhafi gerði sér grein fyrir að Björgunarfélag Árborgar hefur ekki formlegan afnotarétt af eigninni og geymir þar ýmsar eignir sínar.

Ríkissjóður féll frá forkaupsrétti sínum vegna kaupanna, en afsalshafa er ljóst að forkaupsrétturinn og aðrar kvaðir samkvæmt lóðarleigusamningi haldast áfram á eigninni.

Á lóðinni stendur samskiptamastur sem Neyðarlínan hefur komið upp og er í eigu hennar. Af hálfu afsalshafa eru ekki gerðar athugasemdir við staðsetningu mastursins og tilheyrandi tækjabúnaðar á lóðinni enda séu öll skilyrði um byggingarleyfi og öryggi uppfyllt. Enginn skriflegur samningur er fyrir hendi um staðsetningu mastursins á lóðinni en afsalshafi verður að þessu leyti í sömu stöðu gangvart Neyðarlínunni og seljandi var.

Fasteignamat hússins er kr. 140.300.000 og lóðarinnar kr. 26.500.000 eða samtals kr. 166.800.000. Eignin var ekki komin í endanlegt brunabótamat við gerð kaupsamnings.

Kaupverð eignarinnar er kr. 192.000.000 eitt hundrað nítíu og tvær milljónir króna og hefur afsalshafi gert því skil með þeim hætti sem rakið er í kaupsamningi frá 16. sept. 2010.

Afsalshafi þekkir gerla ástand eignarinnar og sættir sig við að öllu leyti. Afhending eignarinnar fór fram við undirritun kaupsamnings.

Skjal nr. 193
Móttekið til þinglýsingar
X 16. jan. 2012
Frumrit stimplað kr. ____

Seljandi tekur allan arð af hinu selda og greiðir af því skatta og skyldur til afhendingardags en afsalshafi frá þeim degi. Afsalshafi greiðir stimpilgjöld af afsali og annan þinglýsingarkostnað.

Rísi mál út af samningi þessum skal það höfðað fyrir héraðsdómi Suðurlands.

Til staðfestu framanritaðu rita aðilar nöfn sín undir samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík 12 jan. 2012

f.h. seljanda

Íslandsbanki

f.h. afsalshafa

Sveitarfélagið Árborg

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og fjárræði aðila:

Íslandsbanki
Lögfræðiinnheimta
Ágúst Stefánsson, hdl
Kt. 0[illegible]0972-9329

Nafn, kt.

Nafn, kt.